

## 2. gr.

14. gr. orðist svo:

Þar sem vatnsnot eru mikil eða komi í ljós, að þau séu óeðlileg, er sveitarstjórn heimilt að krefjast aukavatnsskatts samkvæmt mælingum eða eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Aukavatnsskattur skal miðaður við kr. 7.40 fyrir hvern rúmmetra vatns. Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafist þess, að vatnsnotkun hans sé mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. júlí 1975.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 186 6. júní 1973, um Vatnsveitu Búðardals.

## 1. gr.

10. gr. orðist svo:

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem sérmetnar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr og næst til vatnsæða, skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0,5% af fasteignamatsverði árlega. Lágmarksgjald skal vera kr. 3 000.00 og hámarksgjald kr. 7 000.00 af íbúð.

## 2. gr.

Í stað kr. 3.70 í 2. mgr. 11. gr. komi kr. 8.00.

## 3. gr.

13. gr. orðist svo:

Heimilt er að krefja hvern þann aðila, sem leyfi fær til að leggja heimæð frá aðalveitu um allt að kr. 5 000.00 í stofngjald af íbúðarhúsnæði miðað við ¾" lögn, tengingjald af atvinnuhúsnæði verði í samræmi við flutningsgetu heimæðar.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. júlí 1975.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*